

**217. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
25. október 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging**

Sameiginlegur fundur skipulags- og umhverfisráðs og skóla- og frístundaráðs. Kynning á lokahönnun á inngöngum Grundaskóla.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Kristjáni Garðarssyni, arkitekt frá Andrúm arkitektum góða kynningu. Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að vinna útboðsgögn varðandi frekari hönnun verksins á grunni þeirra aðaluppdráttu sem nú liggja fyrir.*

**2. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10**

*Umræður um uppbyggingu á fjöliðjunni.*

**3. 2110122 - Leikskóli Skógarhverfi, Asparskógar 25 - lóðafrágangur og framkvæmd**

Lóðarfrágangur leikskóli Asparskógum 25

*Eftirfarandi tilboð bærust:*

*Tilboð (Eftir leiðréttingu þar sem það á við):*

*Lóðaþjónustan ehf, kr. 146.098.500*

*Stéttafélagið ehf, kr. 134.644.400*

*Langieldur ehf, kr. 154.867.000*

*Hellur og lagnir ehf, kr. 150.774.900*

*Sumargarðar ehf, kr. 176.991.550*

*Jarðyrkja ehf, kr. 111.999.617*

*Leiðrétt kostnaðaráætlun kr. 127.209.065*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram og skoða tilboð Jarðyrkju ehf, sem er undir kostnaðaráætlun.*

**4. 2110006 - Aðalskipulag - Flóahverfi breyting**

Breyting á Aðalskipulag Akraness, lítilsháttar breyting á iðnaðarsvæði 15.

*Breyting á aðalskipulagi felst í að iðnaðarsvæði merkt 15, stækkar um 0.7ha.*

*Breyting á einungis við afmörkun svæðisins. Ekki er verið að breyta landnotkun eða auka nýtingu. Breytingin snertir á þessu stigi engan annan hagsmunaaðila en bæinn. Með breytingunni fæst bætt nýting innan sama svæðis.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á aðalskipulagi*

verði skv. 2.mgr. 36.gr, skipulagslaga nr.123/20210.

**5. 2109252 - Deiliskipulag Flóahverfis - Breyting grænir iðngarðar**

Breyting á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Græna iðngarða

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breyting á deiliskipulagi verði kynnt á sérstökum kynningarfundum.*

**6. 2110176 - Ljósaskorsteinn**

Erindi Guðmundar Rúnars Lúðvíkssonar þar sem hann gerir grein fyrir hugmyndum um ljósalistaverki í sementsskorsteininum.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomna hugmynd Guðmundar Lúðvíkssonar.*

*Skipulagsfulltrúa falið að skipuleggja almenna hugmyndasamkeppni varðandi útfærslur á þeim hluta sementsstromps sem nú er inná Sementsreitnum.*

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**